

Ed.

660. Frumvarp til laga

[152. mál]

um húsrými fyrir geðsjúkt fólk.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, eftir því sem þörf krefur, gera ráðstafanir til þess að auka húsrými fyrir geðsjúkt fólk með viðbyggingum við geðveikraspítalann á Kleppi eða á annan hátt, svo að jafnan sé unnt að veita viðtöku án tafar öllu því fólki, sem brjálást skyndilega og er að dómi læknis hættulegt umhverfi sínu eða ætla má að fari sér að voða.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal láta fram fara á þessu ári athugun á því, á hvern hátt best verði komið í framkvæmd nægilegri aukningu á húsrými fyrir geðsjúkt fólk, og leggja tillögur sínar um þetta efni fyrir næsta Alþingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.